



ÖLFUS

Atvinnustefna Ölfuss 2025-2030

Desember 2025

Höfundar skýrslu:

Kolbrún Hrafnkelsdóttir

Páll Marvin Jónsson



Hlutverk sveitafélagsins

Sterkt samfélag

Atvinnustefna sveitarfélagsins Ölfuss er mótuð sem heildstæður leiðarvísir til að styðja við markvissa uppbyggingu í atvinnumálum. Með slíkri stefnu er skapaður rammi sem leiðbeinir sveitarfélaginu við að laða að ný tækifæri, styrkja núverandi atvinnugreinar og efla fjölbreytni í atvinnulífi. Málefni atvinnulífs eru almennt ekki talin til lögbundinna hlutverka sveitarfélaga en sveitarfélagið Ölfus kys að veita öflugan stuðning við atvinnulífið á jafnræðisgrundvelli. Markmiðið er að byggja upp sjálfbært og öflugt atvinnumhverfi sem þjónar bæði íbúum og fyrirtækjum í stað þessa að sveitarfélagið þjóni einungis því hlutverki að bregðast við aðsteðjandi þörfum þegar þær koma upp. Með markvissri stefnumótun er unnið að því að auka samkeppnishæfni, nýta betur staðbundna styrkleika og skapa framtíðarsýn sem stuðlar að stöðugleika, nýsköpun og langtímaþróun atvinnulífsins íbúum sveitafélagsins til heilla.

Markmið og tilgangur

- Skýr framtíðarsýn og markmið í atvinnumálum.
- Markvissari nýting á staðbundnum auðlindum, styrkleikum og sérstöðu svæðisins.
- Stuðla að fjölbreyttum störfum, stöðugleika og bættri byggðaðróun.
- Hjálpa til við að halda í ungt fólk og laða að nýja íbúa.
- Auka samkeppnishæfni sveitarfélagsins Ölfuss gagnvart öðrum svæðum.
- Fyrirsjáanleiki og samfella sem auðveldar áætlanagerð fyrir sveitafélagið, fjárfesta, starfsmenn og fyrirtæki.
- Ákvarðanir í skipulags-, mennta- og innviðamálum í samræmi við þarfir atvinnulífs.
- Auðvelda uppbygging íbúabyggðar og stoðþjónustu samhliða þróun atvinnulífsins.
- Ýta undir þátttöku í samstarfsverkefnum og styrkumsóknum.
- Betra upplýsingaflæði og öflugt tækifæri til samráðs við íbúa og atvinnurekendur og aðra hagaðila

Hlutverk sveitafélagsins

Heilbrigt atvinnuumhverfi

Markviss stefna

Heilbrigt atvinnulíf er ein meginstoð öflugs samfélags. Sveitafélagið Ölfus kys að gegna meginhlutverki í að móta heildstæða stefnu í atvinnumálum og skapa kjöraðstæður fyrir atvinnulífið til að vaxa og dafna. Það getur með beinum og óbeinum hætti haft áhrif í gengum skipulag, þjónustu, stuðning og jákvæða ímyndasköpun. Atvinnustefna sveitafélagsins markar framtíðaráherslur og langtímahugsun í atvinnumálum, tryggir fjölbreytt tækifæri til atvinnu, styrkir samkeppnishæfni sveitarfélagsins og bæta lífsgæði íbúa þess.

Skipulag & innviðir


Aðalskipulag sveitafélagsins og atvinnustefnan styðja við hvort annað. Sveitafélagið ber ábyrgð á mótun aðal- og deiliskipulags sem gerir ráð fyrir öflugum atvinnusvæðum og vel útfærða atvinnustefna gerir skipulagsvinnuna markvissari. Sveitafélagið getur gengt mikilvægu hlutverki í hagsmunagæslu og að tryggja að grunninnviðir seu til staðar s.s. vatn, góðar samgöngur, aðgengi að orku, fráveita og fjarskipti. Einnig gegnir sveitafélagið mikilvægu hlutverki í að auðvelda aðgengi að landi og húsnæði fyrir fyrirtæki sem vilja starfa innan sveitafélagsins.

Stuðningur & leiðsögn

Sveitafélagið getur veitt markskonar stuðning og leiðsögn fyrir atvinnulífið og frumkvöðlastarfsemi. Lykilþáttur er að skapa samstarfsvettvang og hefur sveitarfélagið Ölfus unnið ötullega að þeim þætti til dæmi með stofnun Ölfus Cluster og í gengum verkefnið grænir iðngarðar á Hafnarsandi. Einnig er hægt að hvetja til nýsköpunar og skapa tækifæri til menntunar til dæmis í samstarfi við háskóla, rannsóknarsetur eða atvinnuþróunarfélög eða styrkja verkefni sem laða að sér fjárfestingu og ný störf. Með þessum hætti getur sveitafélagið stuðlað að aukinni fjölbreyttni og laðað að sér starfsemi sem opnar ný tækifæri og verðmætaaukningu.

Ímyndasköpun & samráð

Sveitafélagið gegnir lykilhlutverki varðandi markaðssetningu og ímyndasköpun útávið sem kynnir sveitafélagið sem góða búsetu- og atvinnukosti. Mikilvægt er að skapa heilbrigt viðskiptaumhverfi með gagnsæi og skilvirkni að leiðarljósi og stuðla að samvinnu milli fyrirtækja, íbúa og opinberra aðila. Innri kynning, samráð, samtal og þjónusta við íbúana sjálfa er veigamikill þáttur starfsins. Þarna gegnir öflug stefnumótun mikilvægu hlutverki þar sem hún skapar sameiginlega sýn og fyrirsjáanleika sem getur dregið úr brotflutningi ungs fólks og aukið líkur á að íbúar geti unnið við áhugaverð og vel launuð störf á heimaslóðum.



Páll Marvin hjá Ölfus Cluster hefur umsjón með verkefninu og hefur fengið til liðs við sig ráðgjafana Kolbrúnu Hrafnkelsdóttur hjá Ardia ehf. sem stjórnaði samráðsvettvanginum, sá um úrvinnslu og skýrslu og Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch hjá Fönn ehf. sem var ráðgefandi í samráðsvettvanginum.



Páll Marvin Jónsson

Páll er sjávarlíffræðingur að mennt og er framkvæmdastjóri Ölfus Cluster. Hann hefur unnið markvisst að eflingu atvinnulífsins í Ölfusi og hefur mikla þekkingu á innviðum sveitafélagsins. Hann var framkvæmdastjóri Þekkingaseturs í Vestmannaeyjum áður en hann tók við uppbyggingu Ölfus Cluster árið 2020, en þar vann hann að margvíslegum uppbyggingar og þróunarverkefnum til dæmis á sviði ferðaþjónustu, fiskeldis og sjávarútvegs ásamt verkefnum sem tengdust uppbyggingu innviða sveitafélagsins.



Kolbrún Hrafnkelsdóttir

Kolbrún er lyfjafræðingur að mennt með mastersgráðu í viðskiptafræði og stjórnun (MBA). Hún er fædd og uppalin í Ölfusi og er í miklum tengslum við sveitafélagið. Hún hefur unnið að uppbyggingu grænna iðngarða í Ölfusi og tengst ólíkum atvinnuþróunarverkefnum innan sveitafélagsins á undaförnum árum. Hún hefur mikla reynslu á sviði rekstrar, fjármögnunar og nýsköpunar og stjórnað fjölmörgum stefnumótunar og atvinnuppbyggingarverkefnum á undaförnum árum.




Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch

Sandra Mjöll er með doktorspróf í líf- og læknávisindum. Hún hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði nýsköpunar og vísinda. Hún var framkvæmdastjóri raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og er með mikla reynslu af vísindum og nýsköpun með sérþekkingu á líf- og heilsutækni. Hún hefur unnið að ólíkum ráðgjafaverkefnum á sviði viðskiptaþróunar, stefnumótunar, fjárfestakynninga, markaðsmála og hugverka.

Hagaðilar


Sameiginleg sýn



Raddir íbúa


Sterkt samfélag og blómlegt atvinnulíf

Þátttaka og góð samvinna nærsamfélagsins er leiðavísir að blómlegu atvinnulífi, heilbrigðu umhverfi og sterku samfélagi. Atvinnustefnan þarf að eiga rætur í nærumhverfinu þannig að hún endurspegli þarfir, áherslur og væntingar samfélagsins í heild. Íbúum og starfsmönnum sveitafélagsins Ölfuss var boðið að taka þátt í að móta framtíð atvinnulífsins í sveitarfélaginu okkar með þátttöku í íbúakönnun. Innlegg hvers og eins skiptir máli varðandi mótun stefnu og forgangsroðun verkefna.



Tilgangur

Fá ólík sjónarhorn upp á yfirborðið og leggja grunn að frekari samtali við íbúa. Móta leiðavísi að blómlegu atvinnulífi, heilbrigðu umhverfi og sterku samfélagi.



13. - 25. mars 2024

Opin vefkönnun á meðal íbúa og starfsmanna innan sveitafélagsins Ölfus um vilja þeirra um áherslur í stefnu sveitafélagsins í atvinnumálum.



34 þátttakendur

Dræm þátttaka var í könnunninni en þeir sem tóku þátt veittu ítalegar og gagnlegar upplýsingar. 91% þátttakenda voru íbúar í sveitafélaginu og 56% starfa innan sveitafélagsins.



Frekara samráð

Niðurstöður voru notaðar sem innlegg í stefnumótunarvinnuna ásamt upplýsingum sem safnað var í samráðsferli við aðra hagaðila.

Greining á innri og ytri þáttum

Styrkleikar

Höfnin og náttúrulegar auðlindir, vöxtur atvinnulífsins og nýsköpun, staðsetning, landrými, atvinnugreinar, stuðningur og jákvæðin sveitarfélagsins, hreinleiki

S

Veikleikar

Einhæft atvinnulíf, innviðir, viðhorf íbúa, samgöngur, láglounastörf, takmörkuð orka, fámenni, staðsetning, kerfið hægfara

V

Ógnanir

Orkuskortur, neikvæðni, stór fyrirtæki og mengandi iðnaður, samgöngur, sérhagsmunir, sveitastjórn, náttúruvæ, einsleitt atvinnulíf, hægt á hraða uppbyggingar

O

Tækifæri

Stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, stækkun hafnar, stækkandi bær, landrými, staðsetning, ferðaþjónusta, háskólamenntuð störf, leiðandi í nýsköpun, fiskeldi

T


Hagsmunaráð

Mikilvægt er að stefna byggji á hugmyndum og samráði við hagaðila verkefnisins. Ráðið er skipað hagsmunaaðilum úr atvinnulífinu í Ölfusi og er samstarfsvettvangur sem vinnur með ráðgjöfum að tillögum sem snúa að stefnumótuninni.

- Berglind Friðriksdóttir, bæjarfulltrúi
- Eva Lind Guðmundsdóttir, verkefnastjóri grænna iðngarða í Ölfusi
- Geir Höskuldsson, formaður Skipulags- og umhverfisnefndar
- Grettir Rúnarsson, Skíðaskálinn Hveradölum
- Guðbergur Kristjánsson, formaður Framkvæmda- og hafnarnefndarm
- Jón Páll Kristófersson, Ísfélagið
- Kristinn Hafliðason, Vaxa Technologies
- Margrét Polly Hansen Hauksdóttir, Háskólafélagi Suðurlands
- Rúnar Gunnarsson, Kaldvík
- Sandra Dís Hafpórsdóttir, fjármálastjóri sveitafélagsins Ölfuss
- Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, fulltrúi Skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarfulltrúi

Markmið og tilgangur

1. Að skapa vettvang umræðna milli hagaðila um málefni sem snerta atvinnuþróun innan sveitafélagsins.
2. Að vera ráðgefandi varðandi framtíðarsýn atvinnumála með tillit til þarfa og framtíðaráskoranna samfélagsins.
3. Að tryggja samráð og stuðla að auknum samskiptum milli íbúa, atvinnulífs, stjórnvalda og annara hagaðila verkefnisins.
4. Að styðja við stefnumótun og vinna með ráðgjöfum að setja fram tillögur að markmiði og útfærslum sem verða hluti af atvinnustefnunni.



Aukið samráð

Samráðsvettvangur þar sem fjölbreyttar og ólíkar áherslur og sjónarmið eru skoðuð.




Aukinn skilningur

Virkara samtal og milliliðalaust samtal og upplýsingagjöf til lykil hagaðila.



Hagsmunir

Helstu hagsmunir eru skilgreindir og mótuð er forgangs röðun viðfangsefna.



Sviðsmyndir

Vettvangur hugmynda og skoðaðar eru mismunandi sviðsmyndir og framtíðarsýn



Aukin sátt

Umræða um hlutverk og tengsl við samfélag og umhverfi með heildarhagsmuni að leiðarljósi. Vönduð áætlanagerð á breiðari grunni.

Umgjörð og skipulag

Hagsmunaaðilar atvinnulífsins er samstarfsvettvangur sem vinnur með ráðgjöfum að tillögum sem snúa að stefnumótuninni. Ráðið hittist þrisvar sinnum á tímabilinu 20. ágúst til 17. september. Nánari upplýsingar um þær umræður sem áttu sér stað er að finna í fundargerðum fundanna.

Fundur I



20. ágúst 2025
9:30-11:00

Þátttakendum var skipt upp í umræðuhópa sem áttu hugarflug um ákveðna flokka og samspil þessara þátta við atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

- Mannauður
- Tækifæri
- Innviðir

Fundur II



29. ágúst
9:30-11:00

Þátttakendur ræddu hugmyndir að verkefnum sem tengjast ákveðnum áherslusviðum:

- Hafnartengd starfsemi
- Matvælaiðnaður
- Uppbygging grænna iðngarða
- Hugverkaiðnaður
- Ferðaþjónusta
- Menntun og vísindi
- Menning og listir
- Orkuvinnsla

Fundur III



17. september
10:30-12:00

Þátttakendur ræddu hugmyndir um hvernig sveitafélagið getur með beinum og óbeinum hætti haft áhrif í gegnum skipulag, þjónustu, stuðning og jákvæða ímyndasköpun.

Mikilvægi Hafnartengdar starfsemi, matvælaiðnaðar og uppbyggingu grænna iðngarða voru rædd.

Önnur áherslusvið sem talin eru líkleg til að auka frekar fjölbreytni atvinnulífsins í Ölfusi voru skoðaðir sérstaklega

- Menntun, vísindi og nýsköpun
- Ferðaþjónusta, menning og listir

Framtíðarsýn

Fjölbreytt tækifæri og aukin lífsgæði

Atvinnustefna Ölfuss
2025-2030

Ölfus byggir upp fjölbreytt, öflugt og sjálfbært atvinnulíf sem skapar verðmæti fyrir samfélagið og tryggir íbúum spennandi atvinnutækifæri á heimaslóðum. Atvinnulífið þróast í sátt við íbúa og auðlindir svæðisins eru nýttar á ábyrgan hátt.

Fjölbreytt og traust atvinnulíf

Skapað er atvinnuumhverfi þar sem stór og smá fyrirtæki dafna hlið við hlið. Fjölbreytni í atvinnulífinu stuðlar að stöðugleika, nýjum tækifærum og störfum fyrir fólk með ólíka menntun og bakgrunn.

Nýsköpun og verðmætasköpun

Ölfus verður framsækið samfélag sem laðar að fyrirtæki í matvælatækni, hátækni, skapandi greinum og nýsköpun. Lögð er áhersla á störf sem skila hærra virði og efla samkeppnishæfni svæðisins.

Höfnin sem burðarás

Höfnin er kjarninn í atvinnuuppbyggingu og lykilinn að vexti í flutningum, matvælaiðnaði, þjónustu og nýjum tækifærum. Uppbygging hennar styrkir stöðu sveitarfélagsins á landsvísu og verður drifkraftur fjölbreyttrar starfsemi.

Sterkir sjálfbærir innviðir

Vandaðir innviðir þar sem orka, samgöngur, skipulag, þjónusta og stafrænar lausnir eru grunnurinn að sjálfbæru atvinnulífi og góðum lífsgæðum. Tryggt er að fyrirtæki hafi aðgang að öruggri orku, góðum samgöngum og fjölbreyttum atvinnu- og íbúðalóðum.

Samfélagsleg sátt og jákvætt viðhorf

Öll uppbygging byggir á virku samtali og trausti milli sveitarfélags, íbúa og atvinnulífs. Jákvætt viðmót, gagnsæi og góð þjónusta eru leiðarljós sem styrkja sátt og gera sveitarfélagið að eftirsóknarverðum stað fyrir bæði fyrirtæki og fólk.

Sjálfbær og ábyrg nýting auðlinda

Atvinnulíf framtíðarinnar byggir á ábyrgri nýtingu auðlinda og lágmörkun neikvæðra umhverfisáhrifa. Lögð er áhersla á græna iðngarða, hringrásarlausnir og þróun sem styrkir náttúruna samhliða atvinnuuppbyggingu.

Gildi og áherslur

Framtíðarsýn Ölfuss í atvinnumálum byggir á gildunum samvinna, framsýni, sjálfbærni, þekking og heiðarleiki. Með þessum gildum að leiðarljósi er stefnt á að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf með áherslu á störf sem skila hærra virði fyrir samfélagið.

Samvinna

Traust og opin samskipti milli íbúa, fyrirtækja og sveitarfélags eru forsenda árangurs. Samvinna byggir upp sátt og jákvætt viðhorf sem styrkir samfélagið og laðar að nýja starfsemi.

Framsýni

Atvinnustefnan horfir fram á við og styður við nýsköpun, tækniframfarir og uppbyggingu innviða sem gera samfélagið tilbúið fyrir breytingar og ný tækifæri.

Þekking

Mannauður og menntun eru drifkraftar verðmætasköpunar. Lögð er áhersla á uppbyggingu sérhæfðra starfa, rannsóknir og menntatækifæri sem styrkja atvinnulífið til framtíðar.

Sjálfbærni

Sveitarfélagið leggur áherslu á sjálfbærra þróun og vernd náttúrunnar með nýtingu vistvænna lausna.


Heiðarleiki og gagnsæi

Ákvarðanir eru teknar af sanngirni, með virðingu fyrir atvinnulífinu, samfélaginu og skýrum upplýsingum sem efla traust.

Mikilvægisgreining

Sterkur grunnur að öflugri framtíð

Mikilvægt er að hafa í huga að hver og ein grein spilar hlutverk í heildarsamhenginu. Greiningin miðar að því að skoða hvar styrkleikar atvinnulífisins í Ölfusi liggja og greina hvaða áherslur séu ákjósanlegar á næstu árum til að efla atvinnulífið innan sveitarfélagsins enn frekar. Greiningin er fyrst og fremst hugsuð til að styðja við forgangsroðun verkefna.



Hafnartengd starfsemi

Þorlákshöfn er ein besta náttúrulega höfnin á suðurströnd Íslands og gegnir lykilhlutverki fyrir suðvesturhluta landsins. Starfsemin byggir á sterkum tengslum við sjávarútveg, flutninga og þjónustu við atvinnulíf svæðisins. Nálægð við helstu atvinnusvæði landsins skapa tækifæri í tengslum við starfsemina og alþjóðlegar siglingar til Evrópu eru nokkrum sinnum í viku með bæði útflutningi og innflutningi vöru til stæðstu markaða. Hafnartengd starfsemi hefur verið eflað mikið undanfarin ár, stækkun hafnarinnar er hafin og frekari uppbygging í góðum farvegi.

Grænir iðngarðar

Grænir iðngarðar í Ölfusi eru í uppbyggingu og er landrými á Hafnarsandi sem ætlað undir iðnaðarsvæðið á aðalskipulagi sveitafélagsins. Leitast er við að auka hagkvæmni og stuðla að jákvæðum áhrifum á nærumhverfið þannig að það skili samkeppnisforskoti til lengri tíma litið fyrir svæðið og fyrirtækin sem þar starfa. Verkefnið gæti skapað sterkan grunn fjölbreyttar atvinnuuppbyggingar í framtíðinni og verkefnastjóri hefur verið ráðinn til að þróa og stýra verkinu.

Menntun, vísindi og nýsköpun



Menntun, vísindi og nýsköpun er ein meginforsenda verðmætasköpunar. Efling þekkingar og nýsköpunar skapar ný tækifæri til fjölbreytta atvinnutækifæra bæði innan nýrra og rótgróinna fyrirtækja á svæðinu. Sveitafélagið getur lagt áherslu á að skapa umhverfi sem styður við þekkingu, þróun og nýsköpun til að skapa grunn fyrir fjölbreyttari atvinnutækifæri og verðmætaaukningu. Einnig er mikilvægt að efla tækifæri ungs fólks til að stunda nám og starf í heimabyggð og þar skiptir aðstað og innviðir miklu máli. Mikil tækifæri eru á þessu sviði og sveitafélagið gæti komið að þessari uppbyggingu með því að efla samstarf við menntastofnanir, rannsóknar- og nýsköpunarfélög ásamt því að vinna að uppbyggingu aðstöðu og innviða.

Ferðaþjónusta, menning og listir

Ferðaþjónusta í Ölfusi hefur mikið svigrúm til vaxtar og þróunar. Vinsælar náttúruperlur eru innan sveitafélagsins sem taka á móti fjölda ferðamanna ár hvert eins og Reykjadalur og Raufarhólshellir, en einnig eru faldar perlur með mikla möguleika. Nálægð við höfuðborgarsvæðið er bæði styrkur og áskorun þar sem hún auðveldar aðgengi ferðamanna en getur jafnframt gert það erfiðara að hvetja þá til lengri dvalar eða heimsækja fleiri áfangastaði. Tækifæri eru í að efla samhæfingu rekstraraðila á svæðisins og auka stuðning við ferðaþjónustu, menningu og listir innan sveitafélagsins bæði í dreifbýli og í þéttbýli. Markviss kynning og sterk ímyndasköpun svæðisins gæti skapað ný tækifæri fyrir íbúa og gesti.

Matvælaiðnaður

Matvælaiðnaðurinn í Ölfusi byggir á sterkum sögulegum grunni landbúnaðar og sjávarútvegs. Þar starfa fjölbreytt fyrirtæki sem framleiða fjölbreytt úrval matvæla og drykkja. Hrein náttúra, nálægð við náttúruauðlindir, öflugar samgöngur, stór markaðssvæði og endurnýjanleg orka skapar kjöraðstæður til sjálfbærrar matvælaframleiðslu á svæðinu. Þetta er ört vaxandi grein innan sveitafélagsins og er mikil uppbygging á starfsemi tengdri matvælaframleiðslu, til dæmis á sviði landeldis.



Framtíðarstoðir
atvinnusköpunar

Greining á þáttum sem hafa mest áhrif á framtíð og vöxt atvinnugreinanna.

	Ferðapjónusta, menning og listir	Menntun, vísindi og nýsköpun	Grænir iðngarðar	Hafnartengd starfsemi	Matvælaiðnaður
Aðgengi að orku			✓		✓
Aðgengi að vatni			✓		✓
Landrými	✓		✓	✓	✓
Fjarskiptainnviðir		✓	✓		
Góðar samgöngur	✓		✓	✓	✓
Nálægð við markaði				✓	✓
Þjónusta/afþreying	✓				
Miklar fjárfestingar			✓	✓	✓
Sjálfbærni	✓		✓		✓
Aðgengi að hráefnum			✓		✓
Sterk ímyndasköpun	✓	✓	✓		✓
Samstarf milli sveitafélaga	✓	✓			
Alþjóðatengingar	✓	✓	✓		
Aðgengi að áfangastöðum	✓				
Þverfaglegt samstarf		✓	✓		
Skýrara regluverk			✓		
Sérfræðistörf		✓			
Ósérhæft vinnuafll	✓		✓	✓	✓

